

**10. stjórnarfundur Félags íslenskra náttúrufræðinga**

Mánudagurinn 6. janúar 2020, kl. 11:30 -13:30 að Borgartúni 6

**Fundinn sátu:** Bergrún Arna Óladóttir, Björg Helgadóttir, Einar Hjörleifsson, Guðrún Nína Petersen, Hafdís Sturlaugsdóttir í fjarfundarbúnaði, Haraldur Rafn Ingvason, Lilja Grétarsdóttir, Katrín Guðjónsdóttir í fjarfundarbúnaði, Margrét Geirsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Pétur Halldórsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir í fjarfundarbúnaði, Sverrir Halldórsson, Una Bjarnadóttir og Porkell Heiðarsson

**Fundaritari:** Einar Hjörleifsson

**Dagskrá:**

**Til afgreiðslu:**

1. Kl. 11:30 Fundargerðir og fundargerðir fyrir vefsíðu
2. Kl. 11:40 Nýir félagsmenn
3. Kl. 11:45 Rekstraráætlun 2020 – Drög
4. Kl. 12:10 Undirbúningur aðalfundar FÍN
5. Kl. 12:15 Staða kjarasamninga
6. Kl. 12:30 Af vettvangi BHM

**Til kynningar:**

7. Kl. 12:40 Verkfallslistar
8. Kl. 12:50 Önnur mál
  - a. Tillaga að næsta fundi stjórnar FÍN: 3. febrúar 2020.

**Fundargerð (samantekt fyrir vefsíðu félagsins)**

**Til afgreiðslu:**

1. Fundargerðir og fundargerðir fyrir vefsíðu  
Fundargerð 7. október.2019: Undirrituð.  
Fundargerð 4.11.2019: Samþykkt og undirrituð.  
Fundargerð 9.12.2019: Samþykkt með minniháttar athugasemd og verður undirrituð á næsta fundi.
2. Nýir félagsmenn  
Alls 11 einstaklingar hafa sótt um aðild að FÍN, 10 voru samþykktir með fulla aðild og tveir samþykktir með aukaaðild.
3. Rekstraráætlun 2020 – Drög  
Drög að áætlun lögð fram, óskað er eftir að stjórnarmenn skoði drög og komi með athugasemdir.  
Samþykkt að nota áætlun til viðmiðunar þar til að árið 2019 hefur verið gert upp.
4. Undirbúningur aðalfundar FÍN  
Samþykkt að halda aðalfund 26. mars 2020, mæting 14:30 og fundur hefst 14:45 og móttaka á eftir.  
Lagður var fram listi yfir embætti sem eru laus á næsta aðalfundi.  
Samþykkt að tekið yrði fram í fréttabréfi að formaður óski eftir endurkjöri og einnig frá hvaða “markaði” vantar sérstaklega í stjórn.  
Ákveðið var að stjórnarmenn íhugi hvort gera þurfi lagabreytingar og það verði umræðuliður á næsta stjórnarfundum.
5. Staða kjarasamninga

Lítið í gangi hjá ríki, borg og sveitarfélagi. Spurning hvort félagsmenn FÍN séu tilbúnir í aðgerðir. Stjórnarmenn beðnir að um að íhuga það.

6. Af vettvangi BHM

Skila þarf tilnefningum í 7 manna vinnuhóp vegna stefnumótunarþings BHM 2020.

Ákveðið var að formaður FÍN yrði tilnefndur í vinnuhópinn.

**Til kynningar:**

7. Verkfallslistar

Alls voru 11 störf af 15 sem felld út af lista um störf undanþegin verkföllum fyrir félagsdómi. Farið var yfir lista um þau störf sem óskað hefur verið eftir að yrðu undanþegin verkföllum, auglýsingar 2020.

8. Önnur mál

Huga þarf að betri lausn fyrir fjarfundi.

Næsti fundur ákveðinn 3. febrúar 2020.

Fundi slitið 13:10